

## Fataorð



## Notkunar- og kennsluleiðbeiningar

### Efnisyfirlit

Almenn lýsing.....	1
Notkunarhugmyndir.....	2
Skýringar á táknum.....	3
Hvað þýðir plúsinn?.....	5
Hvað merkir stjarnan?.....	6
Undantekningar á þágufallsreglu óreglulegu karlkynsorðanna.....	8
Beygingarflokkarnir í kassanum.....	9
Kennsluaðferðir.....	11
Ítarefni.....	12
Gagnvirk verkefni.....	14

## Almenn lýsing

Kassinn inniheldur 200 fataorðaspjöld: 87 karlkynsorð, 75 kvenkynsorð og 38 hvorugkynsorð. Spjöldunum er skipt niður með millispiöldum eftir kynjum. Kynin hafa hvert sinn lit. Viðfangsefnin eru fallbeyging fataorða og málfarshefðir/-reglur í sambandi við notkun þeirra.

Framan á spjöldunum eru litadoppur (gulur, rauður, grænn og blár) sem standa fyrir erfiðleikastig beygingarflokksins sem viðkomandi nafnorð tilheyrir. Merking litadoppanna er útskýrð í leiðbeiningabæklingi sem fylgir kassanum.

Aftan á spjöldunum kemur fram beygingarflokkur nafnorðsins, kenniföll þess og tafla með beygingarendingum ásamt beygingu greinisins. Þar er líka að finna upplýsingar um hvaða forsetningu (forsetninga-/orðasambönd) á að nota með fataorðinu.



Efnið gæti hentað þeim sem eru búnir með 1. stig og byrjaðir á 2. stigi. Hins vegar er mælt með því að velja einungis þau spjöld sem eru merkt með gulri doppu fyrir þessa nemendur.

Þeir sem eru komnir á 3. stig ættu að ráða við orðin sem eru með rauðri doppu. Á 4. stigi má bæta spjöldunum með grænu doppunni við líka. Á 5.-6. stigi ætti að vera óhætt að láta nemendur hafa allan bunkann. Markmiðið með efninu er að þjálfra og auka skilning á því:

- hvernig mismunandi beygingarflokkar haga sér í þolfalli og þágufalli.
- hvenær og hvernig greinirinn er notaður í íslensku (hvar orðið endar og greinirinn byrjar).
- hvaða forsetningar og orðasambönd eru notuð með fataorðunum.

**Æskilegur undanfari:** Kynning á föllunum í íslensku og góð undirstöðupjálfun í fallbeygingu fimm algengustu beygingarflokkanna í þolfalli.

# Notkunarhugmyndir

1. Hver þáttakandi fær nokkur spjöld með fataorðum og notar þau til að svara:

- a) í hvað hann ætlar að fara / hvernig hann ætlar að klæðast? (þolfall)
- b) hvernig hann er klæddur / í hverju hann er? (þágufall)

2. Það er líka hægt að nota spjöldin til að spila ýmis konar útfærslur af borðspili. Útfærslan fer eftir markmiði spilsins eða hvaða málfræði-/málfarsþáttur á að vera í brennidepli. Það er árangursríkt að flokka spjöldin niður í nokkra flokka áður en spilið hefst. Eins getur verið nauðsynlegt að gefa þátttakendum einhverjar setningarformúlur til að styðjast við. Hugmyndir að flokkum eru:

- a) nærklæðnaður
- b) efri partar
- c) neðri partar
- d) útiföt
- e) höfuðföt
- f) skófatnaður
- g) fylgihlutir
- h) snyrtivörur
- i) fatnaður með viðbótum/aukahlutum o.s.frv.

Það má líka flokka spjöldin eftir því hvort að í þolfallinu er talað um að:

- a) fara í (fötin)
- b) setja á sig (fatnað/fylgihluti)
- b) taka með sér (fatnað/fylgihluti)

Þegar spilareglur hafa verið útskýrðar fyrir þátttakendum draga þeir eitt spjald úr tilteknum bunkum eða fjölda bunka og búa til setningar út frá fyrirframgefnum fyrirmælum og/eða setningarformúlum.

- Það er líka tilvalið að æfa fallbeygingu fataorðanna með öðrum viðeigandi sögnum.
- Það er aðgengilegt að æfa fleirtölubeygingu nafnorða með fataorðaspjöldunum.
- Það er tilvalið að bæta lýsingarorðum við fataorðin á efri stigunum og æfa sambeygingu lýsingarorða og nafnorða.

- Fataorðin gefa möguleika á að læra um eignarfallið með því að skoða t.d. samsett orð.
- Það er mögulegt að gefa stig eftir litadoppunum. Það má gefa bónusstig þar sem doppurnar innihalda plústáknið. Stigin geta komið að gagni við námsframvindumat.
- Það er að sjálfsögðu hægt að útfæra og þrjóna við þessar hugmyndir eftir þátttakendum, tilefnum, aðstæðum og óskum.

## Skýringar á táknum

Aðgengilegar skýringar á merkingu litadoppanna eru í leiðbeiningabæklingi sem fylgir fataorðakassanum. Yfirlit yfir beygingarflokka og önnur málfræði- og málfarsatriði sem eru undir hverjum doppulit er að finna í töflum 1-4. Þyngdarstigsflokkunin fer í meginatriðum eftir því **hvort viðkomandi fataorð stendur með forsetningunum með eða í**. Annað sem ræður er hvernig beygingarflokkar þeirra haga sér í þágufalli. Það er farið nánar í heitin á beygingarflokkunum sem koma fyrir í fataorðakassanum í kaflanum: *Beygingarflokkarnir í kassanum* á blaðsíðum 9-11.

Tafla 1 Fataorðin sem hafa gula doppu eru öll notuð með forsetningunni með

	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
●	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>i-orðin</b> <i>augnskuggi og maskari</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>a-orðin</b></li> <li>• <b>0-orðið</b> <i>hárspöng</i></li> <li>• <b>i-orðið</b> <i>perlufesti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>i-orðin</b></li> <li>• <b>0-orðin</b></li> <li>• <b>ur-orðin</b> (<i>andlits</i>)<i>púður og gleraugnahulstur</i></li> <li>• (a-) <b>fleirtöluorðin</b> <i>gleraugu og sólgleraugu</i></li> <li>• (0-) <b>fleirtöluorðin</b> <i>axlabönd og eyrnaskjól</i></li> </ul>

Öll fataorðin sem eru merkt með gulri doppu eru fylgihlutir og eru þar af leiðandi aðeins notuð í þolfalli í því samhengi sem þemakassinn snýst um. Hins vegar er ekki útilokað að æfa fallbeygingu þessara orða með til dæmis sögnunum: að gleyma, henda, skipta og týna. Í slíkum tilvikum breytast bæði 0- og ur-hvorkugkynsorðin í þágufalli og mætti þá meta 0-hvorugkynsorðin sem rauð en ur-hvorugkynsorðin sem blá.

Í töflu 2 eru orðin sem hafa rauða doppu. Nokkrir beygingarflokkar bætast við. Sá erfiðasti er ur-karlkynsorðin. Þau rauðmerktu eru alltaf í þolfalli í því samhengi sem er í brennidepli hér. Ef þessi

beygingarflokkur er settur inn í setningu með þágufallsvaldi þá færast ur-karlkynsorðin, sem fara eftir þumalputtareglunni um þágufallsendingar þeirra (sjá kaflann *Hvað merkir stjarnan?* á bls. 6-8), í erfiðleikastig númer 3 (grænn) en undantekningarnar í erfiðleikastig númer 4 (blár).

Tafla 2 Eini beygingarflokkurinn sem bætist við eru ur-karlkynsorðin en svo eru fataorð sem standa með forsetningunni í

	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
●	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>i-orðin</b></li> <li>• <b>ur-orðin</b> sem eru notuð með fs. <i>með</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>a-orðin</b> sem eru notuð með fs. <i>með</i> + hafa hljóðbreytinguna a &gt; ö; <i>taska</i> og <i>hliðartaska</i></li> <li>• <b>a-orðin</b> sem eru notuð með fs. <i>í</i></li> <li>• <b>0-orðin</b> <i>regnhlíf, dragt, (herða)slá</i> og <i>regnslá</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>i-orðin</b> sem eru notuð með fs. <i>í</i></li> </ul>

Í töflu 3 bætist nær öll fleirtalan við. Fallbeyging fleirtöluorðanna er að jafnaði auðveldari en eintalan vegna þess að nefnifallið og þolfallið eru eins bæði í kvenkyni og hvorkugkyni og öll nafnorðin (og önnur fallorð) enda á -um í þágufallinu. Það eru undantekningar. Sú sem kemur fyrir í fataorðunum er merkt með blárri doppu.

Tafla 3 Hér bætist nær öll fleirtatan við

	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
●	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>ur-orðin</b> sem eru notuð með fs. <i>í</i> + <u>enda ekki á -i í þgf.*</u></li> <li>• <b>l-orðin</b> <i>hversdags</i>kjóll, <i>náttkjóll</i>, <i>sumarkjóll</i> og <i>síðkjóll</i></li> <li>• <b>ill-orðið</b> <i>trefill</i> sem er notað með fs. <i>með</i></li> <li>• <b>i-orðið</b> í ft. <i>klossar</i></li> <li>• <b>ur-orðin</b> í ft. bæði þau sem eru notuð með fs. <i>með</i> og <i>í</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>a-orðin</b> í ft. <i>grifflur</i>, <i>lúffur</i> og <i>mokkasíur</i></li> <li>• <b>buxur</b> í ýmsum tilbrigðum (bara til í ft.)</li> <li>• <b>gammósíur</b> (bara til í ft.)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>0-orðin</b> (sem eru notuð með fs. <i>í</i>)</li> <li>• <b>föt</b> <i>jakkaföt</i>, <i>náttföt</i> og <i>nærföt</i> (bara til í ft.)</li> <li>• <b>stígvél</b> (<i>gúmmí</i>)<i>stígvél</i>, <i>leðurstígvél</i> og <i>reiðstígvél</i></li> </ul>
*Sjá umfjöllun um þágufallsendingar óreglulegu (sterku) karlkynsorðanna bls. 6-8.			

Karlkynsorðin í fataorðakassanum eru ekki aðeins fleiri (87) en kvenkyns- (75) og hvorugkynsorðin (38) heldur eru beygingarflokkar þeirra líka fleiri. Auk þess eru undirflokkar urkarlkynsorðanna allnokkrir. Þetta skýrir að það eru bara karlkynsorð sem eru talin í töflu 4.

Tafla 4 Karlkynsorðin deilast niður í langflesta beygingarflokka. Þeir eru auðvitað misstórir og því mismikilvægir


karlkynsorðin		
●	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>ur-orðin</b> sem eru notuð með fs. <b>í</b> + <u>enda á -i í þgf.</u>*</li> <li>• <b>ill-orðið</b> <i>kyrtill</i> sem er notað með fs. <b>í</b></li> <li>• <b>0-orðið</b> <i>pels</i> sem er notað með fs. <b>í</b> + <u>endar ekki á -i í þgf.</u>*</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>ur-orðið í ft.</b> sem er notað með fs. <b>með</b> + hefur ft.endinguna -ir; <i>skartgripir</i></li> <li>• <b>i-orðin í ft.</b> sem eru notuð með fs. <b>í</b> + hafa hljóðbreytingin a &gt; ö í þgf. ft.</li> </ul>
*Sjá umfjöllun um þágufallsendingar óreglulegu (sterku) karlkynsorðanna bls. 6-8.		

Við þyngdarstigsflokkunina hér að framan byggir höfundur á reynslu varðandi það hvernig nemendum gengur að tileinka sér beygingu nafnorðanna. Þegar kemur að fataorðunum er líka áberandi að **munurinn sem er gerður á því að vera í fatnaði og með fatnað/fylgihluti þvælist töluvert fyrir nemendum í íslensku sem öðru máli.**

Það er farið nánar í heitin á beygingarflokkunum sem koma fyrir í fataorðapakkanum í kaflanum: ***Beygingarflokkarnir í kassanum*** á blaðsíðum 9-11. Nánari umfjöllun um forsetningarnar eru í kaflanum ***Ítarefni*** á bls. 12-13.

## Hvað þýðir plúsinn?

Það eru alls 29 orð sem eru með bláa doppu með plúsmerki framan á. Þetta eru ýmist orð sem eru eins konar viðbætur eða aukahlutir á alls konar fatnaði eða þá samsett orð sem er hægt að taka í sundur; táknað með hornklofa [ ]. Viðbæturnar standa alltaf með forsetningunni með og eru í þágufalli. Hér er eitt dæmi:



- Ég er aldrei *í* [hæla]skóm.
- Ég er sjaldan *í* skóm **með** (háum) *hælum*.

Í töflu 5 er yfirlit yfir viðbæturnar sem koma fyrir og beygingarflokkana sem þær tilheyra.

Tafla 5 Enginn greinarmunur er gerður á því hér hvort viðbæturnar standa með fataorðum í hornklofa eða eru á sérsþjaldi

+	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
<ul style="list-style-type: none"> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>i-orðin:</b> (<i>beltis</i>)hanki, (<i>buxna</i>)vasi, hlýri, loðkragi, rassvasi, rúllukragi</li> <li>● <b>ur-orðin:</b> <i>saumur</i>*, (<i>buxna</i>)strengur*</li> <li>● <b>l-orðið:</b> <i>hæll</i></li> <li>● <b>0-orðið:</b> <i>rennilás</i>*</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>a-orðin:</b> (<i>beltis</i>)sýlgja, blúnda, krækja, pífa, smella, tala</li> <li>● <b>0-orðin:</b> <i>buxnaklauf</i>, <i>skálm</i>, (ft. <b>-ar</b>), <i>bót</i> (ft. <b>-ur</b>)</li> <li>● <b>0-orðið í ft:</b> (<i>skó</i>)reimar</li> <li>● <b>i-orðin:</b> <i>ermi</i>, <i>púffermi</i></li> <li>● <b>ing-orðið:</b> <i>ermalíning</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>0-orðin:</b> <i>gat</i>, <i>hnappagat</i>, <i>skott</i>, <i>stroff</i>, <i>vaffhálsmál</i></li> </ul>
<p>*Sjá umfjöllun um þágufallsendingar óreglulegu (sterku) karlkynsorðanna bls. 6-8.</p>			

Það er ekki síður möguleiki að dýpka skilning nemenda, bæði á beygingu nafnorða í þolfalli og þágufalli, með mörgum af viðbótunum. Eins er vert að benda á að það er vel mögulegt að skoða beygingu nafnorða í eignarfalli í mörgum af þeim eignarfallssamsetningum sem koma fyrir í fataorðakassanum. Þetta ætti að vera aðgengilegt þar sem fyrri hlutinn í samsettu fataorðunum stendur oft annaðhvort í sviga (merkir að það má sleppa því sem stendur í sviganum) eða hornklofa.

## Hvað merkir stjarnan?

Merking sviga, hornklofa og stjörnunnar (sem er hér til hægri) er skýrð á tveimur millisþjöldum sem eru í kassanum (annað á íslensku og hitt á ensku). Stjörnurnar eru á allnokkrum ur- og einu 0-karlkynsorði. Í þessum tilvikum þarf að skoða hvort það er -i í þágufallinu eða ekki. Í mörgum tilvikum má þó miða við eftirfarandi þumalputtareglu varðandi það hvort það á að vera -i eða ekki:



**Þumalputtareglan** um óregluleg karlkynsorð (sterk beyging). Þau enda:

- a) á -i í þgf. ef stofn þeirra endar á tveimur samhljóðum
- b) ekki á -i í þgf. ef stofn þeirra endar á einu samhljóði

Í töflum 6 - 8 eru yfirlit yfir það hvernig þessi regla stemmir með tilliti til óreglulegu karlkynsorðanna í fataorðapakkanum. Til að einfalda framsetninguna er eingöngu seinni hluti samsettra orða talinn.

Tafla 6 Búnaður er eina mikilvæga undantekningin hér. Hana má e.t.v. skýra með því að orðið er tvíatkvæðisorð

eitt samhljóð í stofninum						
ekkert -i				með -i (eða ekki!)		
nf. þf. þgf.	bolur bol bol			búnaður búnað búnaði		
		bolnum	-		búnað(i)num	<b>-(i)</b>
nf. þf. þgf.	gripur grip grip			klútur klút klút(i)		
		gripnum	-		klútnum	<b>-(i)</b>
nf. þf. þgf.	litur lit lit			saumur saum saum(i)		
		litnum	-		saumnum	<b>-(i)</b>
nf. þf. þgf.	stafur staf staf			lás lás lás(i)		
		stafnum	-		lásnum	<b>-(i)</b>

Ekkert þeirra orða sem eru talin í töflu 6 eru stjörnumerkt. Í fyrsta lagi heyrir það til undantekninga að *háls-/höfuðklútur*, *saumur* og *rennilás* séu höfð með -i í þágufallinu. Í öðru lagi eru þau og orðið *höfuðbúnaður* notaður í þolfalli í því samhengi sem fataorðapemað leggur áherslu á.

Tafla 7 Einsatkvæðis ur-karlkynsorðin sem hafa ng eða kk í stofni eru afdráttarlausustu undantekningarnar frá reglunni

A	tvö samhljóð í stofninum					
	með -i			ekkert -i		
nf. þf. þgf.	hattur hatt hatti			hringur hring hring		
		hattinum	<b>-i</b>		hringnum	-
nf. þf. þgf.	kyrtill kyrtil kyrtli			skokkur skokk skokk		
		kyrtlinum	<b>i</b>		skokknum	-
nf. þf. þgf.	búningur búning búningi			serkur serk serk		
		búningnum	<b>-i</b>		serknum	-
nf. þf. þgf.	toppur topp toppi			pels pels pels		
		topp(i)num	<b>-(i)</b>		pelsinum	<b>-i</b>

Það er væntanlega athyglisvert að bera saman orðin *búningur* og *hringur* sem koma fyrir í töflu 7. Það eru fleiri karlkynsorð í fataorðapakkanum sem hafa viðskeytið -ingur. Þau eru líka tvö eða fleiri atkvæði: *samfestingur* og *vettlingur* og hafa -i í þgf.et.



Tafla 8 Af einhverjum ókunnum ástæðum sker anórakkur sig frá öðrum orðum með tvöföldu k í stofni; sbr. smekkur og sokkur

B	tvöfalt k, g og p í stofninum		
	-i valfrjálst		
nf. þf. þgf.	anórakkur anórakk anórakk <i>i</i>	anórakk( <i>i</i> )num	-( <i>i</i> )
nf. þf. þgf.	lokkur lokk lokk( <i>i</i> )	lokknum	-( <i>i</i> )
nf. þf. þgf.	goggur gogg gogg( <i>i</i> )	gogg( <i>i</i> )num	-( <i>i</i> )
nf. þf. þgf.	hnappur hnapp hnapp( <i>i</i> )	hnapp( <i>i</i> )num	-( <i>i</i> )
nf. þf. þgf.	sloppur slopp slopp( <i>i</i> )	slopp( <i>i</i> )num	-( <i>i</i> )

Eins og yfirlitin í töflum 6-8 sýna væntanlega fram á þá stenst þumalputtareglan sem var sett fram á bls. 6 ekki nógu vel miðað við þær upplýsingar sem er að finna á [bin.arnastofnun.is](http://bin.arnastofnun.is) um beygingu þeirra fataorða sem eru talin hér að framan. Þau eru fleiri í kassanum þó þau hafi ekki verið talin.

## Undantekningar á þágufallsreglu óreglulegu karlkynsorðanna

Rauði og svarti liturinn á þágufallsendingum óreglulegu karlkynsorðanna, sem koma fram í töflum 6-8, eru þeir sömu og koma fram á fataorðaspjöldunum. Þessar litamerkingar eru útskýrðar á milli-spjöldunum sem eru í kassanum. Í stað þess að endurtaka þær hér er ástæða til að draga saman einfalda viðbót við þumalputtaregluna á bls. 6. Hvað fataorðin varðar getur hún litið svona út:

### Undantekningar frá þumalputtareglunni um óregluleg karlkynsorð í þgf.et.

1. orð sem hafa **kk** eða samhljóðasamband sem enda á k bæta ekki við sig -i í þgf. sbr. *smekkur, sokkur, skokkur* og *serkur* (líka skenkur og bekkur)
2. orð sem hafa **gg** eða samhljóðasamband sem enda á g bæta ekki við sig -i sbr. *hringur* (líka veggur og leggur). **Athuga að ingur-karlkynsorðin hafa alltaf -i í þgf.et!**
3. orð sem hafa **pp** í stofni bæta ekki við sig -i sbr. *sloppur*

## Beygingarflokkarnir í kassanum

Nafnorðin í fataorðakassanum tilheyra 14 beygingarflokkum. Þeir skiptast þannig á milli málfræðilegu kynjanna:

- karlkynsorðin: 6 flokkar
- kvenkynsorðin: 4 flokkar
- hvorugkynsorðin: 4 flokkar

Heitin á flokkunum eru tekin eftir beygingarendingum þeirra í nefnifalli eintölu. Þessi heiti standa aftan á spjöldunum. Þar er líka hefðbundið yfirlit yfir kennimyndir og tekið fram ef það sem er notað á spjöldunum, til að greina beygingarflokkana í sundur, er talið til viðskeyta en ekki beygingarendingar.

Þar sem flokkun af þessu tagi er væntanlega nýstárleg í augum flestra verða flokkarnir sem koma fyrir í fataorðakassanum taldir hér. Í athugasemdum má sjá atriði sem rökstyðja þyngdarstig flokkanna sem litadoppurnar marka. Sums staðar eru líka orðadæmi. Dæmin eru í langflestum tilvikum tekin úr orðaforðanum sem er að finna í fataorðakassanum.

Tafla 9 Af þessum flokkum eru *i-* og *ur-*flokkurinn mikilvægastir en *ur-*orðin reynast nemendum oft mjög erfð

Beygingarflokkar karlkynsorða	
<b>i</b>	Auðlærðastur (a.m.k. í eintölunni)
<b>ur</b>	<b>Langerfiðasti flokkurinn.</b> Aðallega vegna þágufallins í eintölu þar sem er <b>ýmist -i eða ekki -i í þgf!</b> Skiptist niður í fleiri en einn flokk þegar fyllstu nákvæmni er gætt. Flest hafa fleirtöluendinguna <b>-ar</b> en þau eru líka mörg sem hafa <b>-ir</b> í fleirtölunni. Svo er spurning hvort það eigi að telja orðin sem enda á <b>-ingur</b> sem sérstakan undirflokk. Nokkur hafa heldur ekki <b>-s</b> endingu í ef.et. sbr: <i>höfuðbúnaður</i> og <i>varalitur</i>
<b>l</b>	Lítill flokkur; <i>kjóll</i> er frekar algengt. <b>Aldrei -i í þgf.et.</b>
<b>r</b>	Lítill og óreglulegur flokkur <i>skór</i> óreglulegast. <b>Aldrei -i í þgf.et.</b>
<b>ill</b>	Þokkalega stór flokkur; <i>trefill</i> er algengt (lykill sennilega algengast). <b>Alltaf -i í þgf. et.</b>
<b>o</b>	Þessi flokkur er líka erfður. Aðallega vegna þágufallins í eintölu þar sem er <b>ýmist -i eða ekki -i í þgf!</b> Aðeins tvö orð úr þessum flokki í fataorðunum: <i>pels</i> og <i>rennilás</i> Fleiri en einn flokkur ef fyllstu nákvæmni er gætt þar sem ef.et. og nf.ft. eru ekki eins fyrir öll 0-karlkynsorðin.

Það er ekki eintóm tilviljun sem ræður röðun beygingarflokkanna í töflum 9-11. Við röðunina er stuðst við hvaða flokkar eru mikilvægastir fyrir þá sem eru að læra íslensku sem annað mál. Í því sambandi er miðað við hvaða beygingarflokkar innihalda meirihluta orðaforðans með tilliti til byrjenda- og/eða grunnorðaforða.

Tafla 10 Af þessum flokkum eru a-kvenkynsorðin langmikilvægust

<b>Beygingarflokkar kvenkynsorðanna</b>	
<b>a</b>	Mjög stór flokkur og ætti að vera auðlærður (nema hljóðbreytingin a > ö) Spurning hvort það eigi að telja þau orð sem eru eingöngu til í ft. sem undirflokk
<b>o</b>	Auðlærður beygingarflokkur í eintölu þar sem <b>nf., þf. og þgf. eru alltaf eins</b> Málið vandast þegar kemur að fleirtölunni sem skiptir 0-orðunum í nokkra undirflokka. Í fataorðapakkanum eru þeir allir: 0-kvenkynsorð sem hafa fleirtöluendinguna: -ir, ar og -ur. Svo er spurning hvort það eigi að telja kvenkynsorðin sem hafa sérhljóð í enda stofnsins sem sérstakan beygingarflokk eða undirflokk eins og ( <i>herða</i> )- og <i>regnslá</i>
<b>i</b>	Sæmilega stór flokkur og auðlærður þar sem <b>nf., þf. og þgf. eru alltaf eins</b> ; <i>ermi</i> og <i>perlufesti</i> sæmilega algeng. Fleiri en einn flokkur ef fyllstu nákvæmi er gætt þar sem ef.et. er ekki eins fyrir öll i-kvenkynsorðin og mörg þeirra eru ekki til í ft.
<b>ing</b>	Sæmilega stór flokkur; <i>ermalíning</i> þó tæplega algengt. <b>Endar á -u bæði í þf. og þgf.</b>

0-kvenkynsorðin eru snúasti beygingarflokkurinn í kvenkyninu vegna þess að þau skipa sér í a.m.k. 4 undirflokka. Fleirtala sumra þeirra er líka á reiki sbr. (*hár*)spöng og hurð. Svo eru það i-kvenkynsorðin sem ruglast auðveldlega saman við i-hvorugkynsorðin og i-karlkynsorðin.

Tafla 11 Af hvorugkynsbeygingarflokkunum eru 0-orðin mikilvægust og svo i-orðin

<b>Beygingarflokkar hvorugkynsorðanna</b>	
<b>a</b>	Lítill flokkur og ætti að vera auðlærður en vill ruglast saman við a-kvenkynsorðin. Nokkur algeng orð yfir mat og líkamsparta en svo er ft.orðin <i>sól-/gleraugu</i> líka algeng.
<b>i</b>	Þökkalega stór flokkur og <b>ætti að vera auðlærður nema hann vill ruglast saman við i-karlkynsorðin</b> . Meðal algengra orða eru (-)bindi og veski.
<b>o</b>	Mjög stór flokkur. <b>Auðlærður þar til kemur að þágufalli eintölu.</b>
<b>ur</b>	Ekki stór flokkur. <b>Auðlærður þar til kemur að þágufalli eintölu og greininum og svo vill hann ruglast saman við ur-karlkynsorðin.</b> <i>Púður</i> og <i>hulstur</i> eru sæmilega algeng.

Af þeim 14 flokkum sem eru taldir í töflum 9-11 er mælt með því að byrja á fimm algengustu beygingarflokkunum eða:

1. i-karlkynsorðunum
2. a-kvenkynsorðunum
3. 0-hvorugkynsorðunum
4. i-hvorugkynsorðunum
5. ur-karlkynsorðunum

Að sjálfsögðu geta nemendur ekki komist hjá því að nota orð úr minna algengum beygingarflokkum. Þess vegna eru líka fataorð úr fleiri beygingarflokkum. Það er hins vegar mikilvægt að ofbjóða ekki nemendum með öllum beygingarflokkunum fyrr en þeir eru tilbúnir fyrir meira og helst byrjaðir að finna til einhvers öryggis í beygingu algengustu flokkanna.

Með myndorðaspjöldum, sem eru með beygingartöflum aftan á, er mögulegt að sýna nemendum fram á að það kostar ekki mikla fyrirhöfn að bæta við sig orðaforða úr beygingarflokkum sem eru alveg eins í nf., þf. og þgf. Það eru líka nokkrir flokkar sem eru eins í þf. og þgf:

1. 0-kvenkynsorðin
2. i-kvenkynsorðin
3. l-karlkynsorðin
4. ing-kvenkynsorðin

## Kennsluaðferðir

Öll námsefnisgerð Íslenskunáunnar byggir á hugmyndafræðinni um fjölbreyttar kennsluaðferðir.



Fataorðin bjóða upp á og styðja við:

- myndrænt og námsörvandi námsefni
- uppgötvunarnám
- athafnanám (*learning by doing*)
- leikjun (*gamefication*)
- hóp- og paravinnu
- jafningjafræðslu
- breytta endurtekningu (endurtekning með breytilegum aðferðum)

Kennarar og annað fagfólk þekkja væntanlega öll þessi hugtök en stutta samantekt og umfjöllun er að finna undir *Námsefni* á vef Íslenskunámunnar.

## Ítarefni

Það þarf a skýra muninn á því undir hvaða kringumstæðum við notum orðasamböndin **að vera í** og **vera með**. Á mynd 1 er myndræn framsetning á aðferð sem hefur reynst höfundi vel.

fara í - <b>vera í</b> - fara úr	setja á sig - <b>vera með</b> - taka af sér
	
fatnaður sem fer yfir bók og útlimi; fatnaður á hendur og fætur	fylgi- og aukahlutir; höfuðföt og hálsklæðnaður

Mynd 1 Skýringarmynd til að sýna grundvallarregluna varðandi sagnorðasamböndin sem eru notuð með fataorðunum.

Hér er rétt að áréttta að þegar kemur að fylgi- og/eða aukahlutum þá er málið ekki alveg eins einfalt og myndin gefur tilefni til að álykta. Þegar við klæðumst þá setja sumir eitthvað í hárið og svo tökum við eitt og annað með okkur sem fylgir okkur eins og fatnaðurinn yfir daginn (sjá töflu 12).

Tafla 12 Það eru 13 nafnorð í fataorðunum sem er ástæða til að gefa sérstakan gaum í sambandi við að klæðast og afklæðast

taka með sér - <b>vera með</b> - leggja frá sér	setja í/á sig - <b>vera með</b> - taka úr/af sér
<i>gleraugnahulstur, göngustafur, hliðartaska, (peninga)budda, peningaveski, regnhlíf, taska</i>	<i>hárband, (hár)goggur, (hár)slaufa, hárspenna, (hár)spöng, (hár)teygja</i>

Það er líkleggra að fleiri tali um að setja á sig *hárband* og (*hár*)*spöng* en setji annað sem á að binda hárið í sig eða í hárið (sjá töflu 12). Í beinu framhaldi er ástæða til að nefna að orðaforðinn um fót (eins og mat) er ekki alveg einhlítur. Einhver orð eru landshornabundin og sum kunna að vera kynslóðabundin. Í einhverjum tilvikum virðast þau jafnvel vera fjölskyldubundin; þ.e. að þó orðið sé ekki almennt á tilteknu málsvæði þá eru þau almenn innan einhverra fjölskyldna sem búa á svæðinu. Í töflu 13 eru talin nokkur dæmi:

Tafla 13 Það er alltaf möguleiki að taka þessi orð úr kassanum eða breyta þeim

í fatorðapakkanum	ef til vill algengara
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>[blúndu]brók</i></li> <li>• <i>dúnstakkur</i></li> <li>• (<i>hár</i>)<i>goggur</i></li> <li>• <i>nærskyrta</i></li> <li>• <i>vindblússa</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>[blúndu]nærbuxur</i></li> <li>• <i>dúnjakki</i></li> <li>• (<i>hár</i>)<i>klemma</i></li> <li>• <i>nærbolur</i></li> <li>• <i>vindjakki</i></li> </ul>

Það er hægt að finna ýmis konar viðbótarefni til að nota með fataorðunum á síðu *Íslensku-námunnar*. Efnið er á pdf-skjölum sem innihalda hugmyndir og hjálpargögn sem hafa nýst höfundi best í kennslunni. Meirihluti efnisins hefur verið notaður með nemendum á 4.-6. stigi en eitthvert brot með nemendum á 3. stigi. Þetta eru

## 1. setningarformúlublöð

A. þolfallssetningar með fataorðunum

B. þágufallssetningar með fataorðunum og þolfalls- og þágufallssetningar með greini

## 2. hugmynda- og orðabankar

- veðuraðstæður (klæddur eftir veðri)
- tilefni (klæddur eftir tilefnum)
- lýsingarorð (flokkadur orðabanki og beygingaryfirlit)

Til að ekkert fari á milli mála þá er ekki mælt með því að þessi pdf-skjöl séu prentuð út og afhent nemendum í heilu lagi nema um mjög sterka nemendur sé að ræða. Undantekningar á þessu eru hugmyndablöðin með veðuraðstæðunum og tilefnunum. Þau hafa nýst ágætlega; best á 5. og 6. stigi. Setningarformúlublaðið með þolfallssetningunum gæti líka hugsanlega gengið í heilu lagi fyrir nemendur á 4. stigi og þáfallssetningarnar og lýsingarorðablaðið með nemendum á 6. stigi.

Það er líka hægt að nálgast orðaforða um ýmislegt sem tengist fatnaði á vefsíðunni [Bragi: Íslenska sem erlent mál](#). Bent er á undirsíðurnar

- A. [Klæðnaður](#) (orðaforði)
- B. [Föt við hæfi](#) (í kennarahandbókinni)

Þó það sé ekki farið mikið í fataorðaforðann í bókunum *Íslenska fyrir alla 1-4* má benda á:

- 2. [kafli 6](#) Að týna og gleyma (bls. 80-81 í rafrænu útgáfunni)  
Að kaupa skó og föt (bls. 84-85 í rafrænu útgáfunni)  
Ég kann orð um föt (bls. 89 í rafrænu útgáfunni)
- 3. [kafli 5](#) Neyparlínan (bls. 51-54 og 56 í rafrænu útgáfunni)

Loks má a.m.k. minna þá sem vinna með leikskólabörnum og í yngri deildum grunnskóla á rit Menntamálastofnunar: [Orðaforðalisti: Hugtök sem æskilegt er að börn á leiksólaaldri hafi á valdi sínu](#). Á blaðsíðu 4 er orðaforðalisti yfir þann fatnað sem æskilegt er talið að þriggja ára börn og svo sex ára hafi á valdi sínu. Það er alls ekki útilokað að kennarar og leiðbeinendur annarra skólastiga geti haft gagn af listanum.

## Gagnvirk verkefni

Listi og krækjur í gagnvirk verkefni frá höfundu *Íslenskunámunnar* inni á *Quizlet* og *Kahoot!*

Tafla 14 Höfundur hlaut styrk til að gera gagnvirk verkefni en hefur ekki hlotið framhaldsstyrk til að halda áfram

Quizlet	Kahoot!
<b>2. stig</b> • <a href="#">Föt</a> • <a href="#">Skófatnaður og yfirhafnir</a>	<b>3. stig</b> • <a href="#">Föt og lýsingarorð í nefnifalli</a>
	<b>4. stig</b> • <a href="#">Lýstu fötunum</a>
	<b>5. stig</b> • <a href="#">Föt og lýsingarorð í þolfalli og þágufalli</a>

Það er ekki útilokað að það eigi eftir að bætast við gagnvirku verkefni í þessu viðfangsefni.